

Því úrskurðast:

Það ber að synja um hina umbeðnu löktaksgerð.
Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 12. júní 1968.

Nr. 57/1968. **Sigurbjörn Eiríksson**
(Ragnar Jónsson hrl.)
gegn
Þorsteini Jónssyni
(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Krafa um aflýsingu þinglýsts fjárnáms.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. marz 1968 og krafizt þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og svo ákveðið, að afmá skuli úr veðmálabókum Gullbringu- og Kjósarsýslu fjárnámsgerð frá 28. maí 1965, sem skráð er við eignarhluta áfrýjanda í landspildu úr Álfsneslandi í Kjalarneshreppi, og svo, að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur eigi lagt fyrir Hæstarétt gögn, sem krafa hans hér fyrir dómi verði á reist. Verður því að dæma stefnda sýknu af henni.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Stefndi, Þorsteinn Jónsson, á að vera sýkn af kröfu affrýjanda, Sigurbjörns Eiríkssonar, fyrir Hæstarétti.

Affrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður aukadómpings Gullbringu- og Kjósarsýslu

20. febrúar 1968.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar þann 16. þ. m., hefur gerðarbeiðandi, Sigurbjörn Eiríksson, krafizt þess aðallega, að fjárnámsgerð, sem framkvæmd var þann 28. maí 1965 og þinglesin var þann 8. júní s. á. á landspildu úr Álfsneslandi í Kjalar-neshreppi, nú þinglesin eign gerðarbeiðanda, verði nú þegar afmáð úr veðmálabókum, og til vara, að áðurgreindrar kröfu hans um aflýsingu svo og dóms Hæstaréttar í málinu nr. 237/1966: Sigurbjörn Eiríksson gegn Þorsteini Jónssyni og til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök verði á viðeigandi hátt getið í veðmálaskrá, unz fullnaðarúrskurður liggur fyrir.

Krafa gerðarþola, Þorsteins Jónssonar, er, að synjað verði um aflýsingu á áðurnefndu fjárnámi.

Báðir krefjast málsaðiljar málskostnaðar úr hendi hins að mati réttarins.

Samkvæmt skjölum þessa máls eru málavextir þessir:

Með bréfi, dags. 10. febrúar 1966, sendi Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður f. h. Þorsteins Jónssonar sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu endurrit fjárnámsgerðar frá 28. maí 1965 með beiðni um, að auglýst yrði nauðungaruppboð á eignarhluta Sveins Sveinssonar í $\frac{2}{3}$ hlutum landspildu í Álfsneslandi í Kjalar-neshreppi. Þegar heyja skyldi uppboð á eign þessari þann 15. júní 1966, var þar mættur gerðarbeiðandi í máli þessu, Sigurbjörn Eiríksson. Mótmælti hann framgangi uppboðsins á þeim grundvelli, að hann væri eigandi umrædds hluta úr áðurnefndri landspildu samkvæmt afsali, útgefnu 4. júní 1962 og þinglesnu 15. júní 1966. Umboðsmaður uppboðsbeiðanda mótmælti þá þegar gildi afsals þessa, krafðist þess, að uppboðið á eigninni færi fram, og krafðist úrskurðar um framgang þess. Úrskurður í málinu var kveðinn upp þann 30. september 1966, og samkvæmt honum skyldi uppboð á áðurnefndri eign fara fram með þar til-

greindum skilyrðum. Úrskurði þessum var síðan af hálfu gerðarbeiðanda í máli þessu skotið til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 14. nóvember 1966, en gerðarþoli í máli þessu gagnáfrýjaði með stefnu, útgefinni 21. nóvember 1966. Dómur í máli þessu var kveðinn upp í Hæstarétti þann 23. október 1967. Segir þar svo m. a.: „Uppboðs er í máli þessu krafizt á grundvelli fjárnáms, sem fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu er talinn hafa háð að Álfsnesi á Kjalarnesi hinn 28. maí 1965. Í endurriti því af réttargerð þessari, sem í dómsgerðum málsins eru, er þess eigi getið, að fógeti hafi lýst fjárnámi í fasteign þeirri, sem uppboðs er beiðzt á. Er nefnd réttargerð því eigi löglegur grundvöllur uppboðs samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949. Verður af þessum sökum að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang uppboðsins“.

Þann 25. október s.l. ritaði Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður f. h. gerðarbeiðanda í máli þessu, Sigurbjörns Eiríkssonar, sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu og krafðist þess, að fjárnámsgerð þu, sem um getur í fyrrgreindum dómi Hæstaréttar, yrði þá þegar afmáð úr veðmálabókum, sbr. aðalkröfu gerðarbeiðanda í máli þessu. Afrit af bréfi þessu sendi Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni. Af því tilefni ritaði hann f. h. gerðarþola í máli þessu sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu bréf þann 30. október s.l. og krafðist þess þar, að umgetið fjárnám yrði ekki afmáð úr veðmálabókum, sbr. kröfu hans í máli þessu.

Kröfu sína um aflýsingu fjárnámsgerðar þeirrar, sem hér ræðir um, hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda rökstutt með því, að hæstaréttardómur sá, sem krafa hans byggist á, ómerki úrskurð aukaréttar (á að vera uppboðsréttar) Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem heimilaði uppboð á eign umbjóðanda hans, m. a. á grundvelli hins þinglýsta fjárnáms. Hafi uppboðið verið hindrað af þeim ástæðum, að fjárnámið hafi verið annmörkum haldið. Sé það þetta fjárnám, sem krafizt sé, að afmáð verði, eftir genginn hæstaréttardóm um óhæfni þess, að í dómi Hæstaréttar, sem áður getur, segi: „Er nefnd réttargerð því eigi löglegur grundvöllur uppboðs“, og að telja „nefnda réttargerð sem veðbönd á eigninni sé því rangt“. Þá hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda bent á í greinargerð í málinu, að í bréfi Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, þar sem hann f. h. Þorsteins Jónssonar mótmælir aflýsingunni, komi fram, að tvennar heimildir séu til um fjárnám það, sem hér er um rætt. Sé önnur greind í nefnd-

um hæstaréttardómi, en hina vitni umboðsmaður gerðarpóla í og sé það sú, sem muni vera þinglesin.

Varakröfu sína hefur umboðsmaður gerðarbeiðanda rökstutt með, að um bráðabirgðaráðstöfun sé að ræða, þ. e. að geta um kröfu hans um aflýsingu umrædds fjárnáms og nefndan hæstaréttardóm í veðmálaskránni á viðeigandi hátt, unz fullnaðarúrskurður í máli þessu liggur fyrir.

Mótmæli sín gegn aflýsingu fjárnámssgerðarinnar hefur umboðsmaður gerðarpóla rökstutt með því, að í forsendum hins umrædda hæstaréttardóms sé synjunin á framgangi uppboðsins eingöngu byggð á því, að í endurriti því, sem fyrir lá í dómsgerðum málsins hjá Hæstarétti, sé þess eigi getið, að fógæti hafi lýst fjárnámi í fasteign þeirri, sem uppboðs bar beiðzt á, að embættisvottorð sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem lagt sé fram með greinargerð, hafi ekki legið fyrir Hæstarétti, þegar dómurinn var kveðinn upp, að þetta vottorð sé full sönnun þess, að endurritið í dómsgerðunum, sem Hæstiréttur fékk, sé rangt, enda komi hið rétta bæði fram í fógætabókinni sjálfri og í hinu þinglýsta eintaki, sem sýslumannsembættinu var afhent, þegar uppboðsins var beiðzt upphaflega og embættið nú hefur í vörzlu sinni, eftir að krafizt hafi verið uppboðs á nýjan leik, að það komi hvergi fram í dómi Hæstaréttar, að fjárnámssgerðin sem slík skuli teljast ógild, heldur aðeins, að í endurriti því af réttargerðinni, sem í dómsgerðum málsins séu, sé þess eigi getið, að fógæti hafi lýst fjárnámi í fasteigninni, og á þeim grundvelli og þeim einum sé synjað um framgang uppboðsins og loks, að þar sem nú sé leitt í ljós, að fógæti hafi lýst fjárnámi í umræddri eign við réttargerð þá, sem hér ræðir um, og með því að þeirri fjárnámssgerð hafi ekki verið áfrýjað sem slíkri sjái hann ekki betur en að fjárnámið sé enn í fullu gildi og mótmæli hann því, að því sé aflýst.

Sérstaklega hefur umboðsmaður gerðarpóla mótmælt því, að tvennar heimildir séu til um margnefnt fjárnám. Aðeins sé til ein heimild um það, þ. e. fógætabókin sjálf. Rangt endurrit úr fógætabók sé að sjálfsögðu ekki „heimild“ í þeirri merkingu, sem hér er átt við.

Svo sem áður hefur komið fram, hefur verið lagt fram í máli þessu bréf sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 26. október 1967, þar sem vottað er, að við vélritun dómsgerða í málinu: Þorsteinn Jónsson gegn Sveini Sveinssyni, sem úrskurður var kveðinn upp í þann 30. september 1966, hafi fallið niður af

mistökum orðið *fjárnámi* á rskj. nr. 2 í dómsgerðunum, þannig að rétt endurrit úr fógetabók eigi að hljóða þannig: „*Skv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu hans lýsti fógeti yfir fjárnámi*“ o. s. frv.

Af skjölum máls þessa verður séð, að með bréfi Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, dags. 27. október 1967, hefur hann farið þess á leit við Hæstarétt, að leyfð yrði endurupptaka hæstaréttarmálsins nr. 237/1966: Sigurbjörn Eiríksson gegn Þorsteini Jónssyni og til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök, samkvæmt heimildarákvæðum 59. gr. hæstaréttarlaganna. Sem svar við þessari umsókn segir svo í endurriti úr gerðabók Hæstaréttar 10. nóvember 1967: „Gögn þau, sem lögð hafa verið fram með umsókn Guðmundar Péturssonar hrl., hafa ekki leitt neitt það í ljós, er réttlætt geti endurupptöku málsins samkvæmt 59. gr. laga nr. 57/1962, og verður endurupptaka þess því ekki leyfð“.

Þá er þess enn að geta, að með bréfi, dags. 17. janúar s.l., krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda í máli þessu, Guðmundur Pétursson hæstaréttarlögmaður, þess, að auglýst yrði nauðungaruppboð á hluta úr landspildu þeirri í landi Álfsness í Kjalarneshreppi, sem hér ræðir um, byggt á fjárnámi því frá 28. maí 1965, sem margnefnt er hér að framan. Með bréfi, dags. 29. janúar s.l., mótmælti umboðsmaður gerðarbeiðanda, Ragnar Jónsson hæstaréttarlögmaður, því, að uppboð þetta yrði auglýst.

Ekki þótti ástæða til að taka mótmæli þessi til greina og stuðla með því að frekari drætti á, að uppboðsbeiðandi, gerðarþoli í máli þessu, fengi úr því skorið, hver væri réttur hans samkvæmt nefndri fjárnámsgerð.

Svo sem áður er getið, hefur sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu vottað í embættisnafni, eftir að dómur gekk í Hæstarétti í málinu nr. 237/1966: Sigurbjörn Eiríksson gegn Þorsteini Jónssyni og til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök, að vegna mistaka hafi fallið niður við vélritun dómsgerða í uppboðsmálinu: Þorsteinn Jónsson gegn Sveini Sveinssyni, sem úrskurður var kveðinn upp í þann 30. september 1966, orðið *fjárnámi* og eigi því rétt endurrit úr fógetabók að hljóða þannig, að samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu hans hafi fógeti lýst yfir fjárnámi í eigninni o. s. frv. Þar sem þingbókin sjálf verður í þessu tilviki sem öðrum að skoðast sem frumheimild hvers konar síðari réttarverkana og aðgerða, en ekki endurrit, sem Hæstiréttur byggði niðurstöðu sína í margnefndum dómi á og sannað telst samkvæmt framansögðu, að reynzt hafi

rangt vegna mistaka við gerð endurrits úr fógetabók, svo og með tilliti til þess, að í nefndum dómi Hæstaréttar verða ekki fundin ákvæði né fyrirmæli um, að aflýsa skuli úr viðkomandi veðmálabók fjárnámsgerð þeirri, sem þar um ræðir, — þykja ekki vera efni til að afmá úr veðmálabókinni það veðband, sem byggt er á fjárnámsgerðinni, svo sem gerðarbeiðandi hefur krafizt, að gert verði. Samkvæmt þessu þykir því bera að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar, og verður því aðalkrafa gerðarbeiðanda ekki tekin til greina.

Hins vegar þykir rétt eftir atvikum að taka til greina vara-kröfu hans um, að bréfs Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, dags. 29. janúar 1968, þar sem hann mótmælir því, að auglýst verði nauðungaruppboð á umræddri landspildu, svo og dóms Hæstaréttar, sem hér ræðir um, verði getið á viðeigandi stað í veðmálabókum fyrir Kjalarneshrepp.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Kröfu gerðarbeiðanda, Sigurbjörns Eiríkssonar, um, að afmáð verði úr veðmálabókum fyrir Kjalarneshrepp fjárnámsgerð á áður eignarhluta Sveins Sveinssonar, nú eignarhluti Sigurbjörns Eiríkssonar, í $\frac{2}{3}$ hlutum landspildu í landi Álfsness í Kjalarneshreppi, sem framkvæmd var þann 28. maí 1965 að kröfu Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, er synjað.

Getið skal í veðmálabókum Kjalarneshrepps á viðeigandi stað mótmæla Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns í bréfi, dags. 29. janúar 1968, gegn því, að auglýst verði nauðungaruppboð á áður nefndum hluta úr fyrrnefndri landspildu svo og dóms Hæstaréttar í málinu nr. 237/1967: Sigurbjörn Eiríksson gegn Þorsteini Jónssyni og til réttargæzlu Sveini Sveinssyni og gagnsök.

Málskostnaður falli niður.